

Samstarfsaðilar á Íslandi

NovoPen 6 og NovoPen Echo Plus geta tengst eftirfarandi tölvukerfum á heilsugæslustöðvum/sjúkrahúsum, smáforritum og stuðningsforritum.



Margnota pennar – umhverfisvænt val

NovoPen 6 og NovoPen Echo Plus eru margnota pennar, hannaðir til notkunar í allt að fimm ár. Þegar þeir tæmast þarf einungis að skipta um Penfill® rörlykjuna með insúlíni en ekki allan pennann. Penfill 3 ml rörlykjan er gerð úr endurvinnanlegu gleri.

Novo Nordisk þróunarvefgátt

NovoPen 6 og NovoPen Echo Plus eru þróaðir með opnum hugbúnaði (open source), sem er aðgengilegur öllum. Það þýðir að hönnuðir smáforrita geta samþætt pennann við sínar eigin lausnir. Þeir eiga þó að tilkynna sig á opnu þróunarvefgáttinni okkar á: <https://developer.novonordisk.com>



NovoPen® 6) NovoPen Echo® Plus)



Einstaklingsbundin insúlínmeðferð með NovoPen 6 og NovoPen Echo Plus

Ávinningurinn af NovoPen 6 og NovoPen Echo Plus er miklu meiri en bara skráning insúlínskammta. Aðgangur að einföldum og áreiðanlegum upplýsingum er tímasparandi og styrkir samvinnu við skjólstæðinga. Að auki fá báðir aðilar meira út úr viðtölunum þegar hægt er að taka ákvarðanir um einstaklingsbundna meðferð.

- **Áreiðanleg skráning insúlínskammta**
- **Árangursríkari, einstaklingsbundin ráðgjöf**
- **Hægt að nota með öllum gerðum af insúlíni frá Novo Nordisk í Penfill 3 ml rörlykjum**

Heimildir

1. Ryan EA, Holland J, Stroulia E, Bazelli B, Babwik SA, Li H, Senior P, Greiner R. Improved A_{1c} levels in type 1 diabetes with smartphone app use. *Canadian Journal of Diabetes* 2017; 41(1):33–40.
2. Heintzman ND. A digital ecosystem of diabetes data and technology: services, systems, and tools enabled by wearables, sensors, and apps. *Journal of Diabetes Science and Technology* 2015; 10(1):35–41.
3. Marcus A. Diabetes care - insulin delivery in a changing world. *Medscape Journal of Medicine* 2008; 10(5):120.
4. Somavilla B, Pietranera G. A randomized, open-label, comparative crossover handling trial between two durable pens in patients with type 1 or 2 diabetes mellitus. *Journal of Diabetes Science and Technology* 2011; 5(5):1212–1221.

Novo Nordisk Denmark A/S
Ørestads Boulevard 108, 6. sal
2300 København S
www.novonordisk.dk
Símanúmer: 80 200 240

Nánari upplýsingar um
NovoPen 6 og NovoPen Echo Plus
eru á pro.novonordisk.dk



novonordisk® NN5000439 IS21NP600002 Maí 2022

Umboðsaðili á Íslandi er Vistor

NovoPen® 6) NovoPen Echo® Plus)

NovoPen® 6 og NovoPen Echo® Plus

Nú vísa gögn leiðina
að nákvæmari insúlínmeðferð



NovoPen® 6 | NovoPen Echo® Plus |



Blóðsykursstjórnun

Viðhald blóðsykursstjórnunar er háð fjölmörgum þáttum, þar á meðal inndælingu insúlíns. Til að fá yfirsýn yfir inndælingar þarf samfellt mat á stærð og tímasetningu skammta, en það getur verið erfitt fyrir einstaklinga á insúlínmeðferð að skrá skammta nákvæmlega.^{1,2} Ef upplýsingar um insúlínskammta eru ekki skráðar niður og sjáanlegar notanda, skortir mikilvægt verkfæri fyrir viðhald blóðsykursstjórnunar.³

Nú er NovoPen orðinn enn snjallari

Nú þarft hvorki þú né skjólstæðingur þinn að giska á stærð og tímasetningu insúlínskammta. NovoPen 6 og NovoPen Echo Plus eru nýir, margnota snjallpennar sem skrá sjálfkrafa upplýsingar um insúlínskammtinn í hvert skipti sem inndæling er gerð. Það veitir þér þær upplýsingar sem þú þarft við skipulagningu einstaklingsbundinnar meðferðar.




Deiling gagna ryður brautina fyrir skilvirkari meðferð

NovoPen 6 og NovoPen Echo Plus geta tengst tölvukerfum á heilsugæslustöðvum/sjúkrahúsum, smáforritum (öppum) sjúklinga og stuðningsverkfærum. Þannig geta þú og skjólstæðingar þínir hlaðið niður og skoðað alla insúlínskammta og blóðsykursmælingar. Þannig geta þeir auðveldlega deilt upplýsingunum með þér fyrir viðtal og meðan á viðtali stendur, sem gerir viðtöl í síma og í mynd auðveldari og skilvirkari.



Fáðu betri yfirsýn yfir inndælingarnar, byggða á raungögnum skjólstæðings.

Svona er upplýsingum deilt milli skjólstæðinga og heilsugæslustöðvar



Hægt er að sjá upplýsingar um insúlínskömmtn við hlið blóðsykursmælinga sjúklings eða gagna frá glúkósanemum

* Til að hlaða niður gögnum úr þennanum á sjúkrahúsinu þarf sjúkrahúsið að vera með niðurhalsforrit sem er samrýmanlegt þennanum. Skilyrði fyrir því að gögnum sé deilt er að skjólstæðingur óski eftir því að þeim sé deilt.

† Smáforritið getur verið forrit sem er samrýmanlegt þennanum, en þróað af öðru fyrirtæki. Skilyrði fyrir því að gögnum úr þennanum sé deilt er að skjólstæðingur óski eftir því að þeim sé deilt.


Af hverju að nota NovoPen 6 og NovoPen Echo Plus?




NovoPen® 6)



NovoPen Echo® Plus)



- Skjárinn sýnir bæði fjölda eininga og tíma frá síðustu inndælingu (tt:mm:ss)
- Skráir sjálfkrafa allt að 800 inndælingar
- Yfirfærir inndælingargögn þráðlaust með nálægðarsamskiptatækni (NFC) 
- Hægt að nota með iPhone[§] og Android
- Auðvelt að nota og auðvelt að lesa af⁴
- Þarf ekki að skipta um rafhlöður eða hlaða
- 3 ára ábyrgð, 4-5 ára endingartími

- Hámarksskammtur: 60 einingar
- Skammtur í hverju þrepi: 1 eining

- Hámarksskammtur: 30 einingar
- Skammtur í hverju þrepi: 0,5 einingar

* Deiling gagna úr pennanum er háð því skilyrði að skjólstæðingur óski eftir að þeim sé deilt.

** Upplýsingar um insúlínskammta eru yfirfærðar frá NovoPen 6 og NovoPen Echo Plus. Upplýsingar um blóðsykursgildi eru yfirfærðar frá blóðsykursmæli eða frá glúkósanemum. Hvort tveggja er hægt að sjá hlið við hlið í ýmsum tækjum á heilsugæslustöð/sjúkrahúsi.

[§] iPhone 7 eða nýrri tegund

Fyrir þig:*

- Ráðgjöf byggð á meiri þekkingu
- Engin þörf á að áætla hvað einstaklingur hefur gefið sér (af insúlíni)
- Nákvæm yfirsýn yfir stærð og tímasetningu skammta
- Insúlín- og blóðsykursupplýsingar hlið við hlið**

Fyrir einstakling með insúlínháða sykursýki:

- Vegna skammtaminnisins hefur notandi ekki lengur áhyggjur af því hvenær síðasta inndæling var gefin og hvað margar einingar voru notaðar
- Betri yfirsýn yfir eigin insúlínjafir
- Aukinn skilningur á insúlínnotkun
- Getur fengið ráðgjöf um meðferð sem er byggð á þeim insúlínkömmtum sem voru raunverulega gefnir

NovoPen® 6) NovoPen Echo® Plus)